

ENNEMM / SÍA / NM32363

# Lærdómsríkt sumarstarf

## Er ekki málið að sækja um sumarstarf hjá Alcan í Straumsvík fyrir 16. mars?

**Viltu starfa á fjölbreyttum vinnustað og tilheyra skemmtilegum hópi starfsmanna í sumar? Við hvetjum þig til að sækja um hjá okkur. Við ætlum að ráða 120 ábyrga einstaklinga til ýmissa starfa á tímabilinu 15. maí til 1. september, eða eftir samkomulagi.**

Við leitum að **duglegu og traustu** fólki og leggjum áherslu á samvinnu og hæfni í mannlegum samskiptum. Allt nýtt starfsfólk fær markvissa **þjálfun** í upphafi starfstíma, hvort sem það ræðst til starfa í kerskálum, steypuskála, mötuneyti (m.a. matreiðslumenn), verkstæðum eða annars staðar.

Umsækjendurnir þurfa að vera orðnir **18 ára** eða verða það á árinu. Margir sumarstarfsmenn munu vinna á þrískiptum **8 klst**. vöktum þar sem unnar eru **6 vaktir** á 5 dögum með **5 daga vaktafríi** á milli. Einnig verður ráðið sumarstarfsfólk sem mun vinna eftir öðru fyrirkomulagi.

ALCAN

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum.

Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

**Hægt er að sækja um á heimasíðu okkar, www.alcan.is**